

|            |  |
|------------|--|
| Tillaga    | A 2042/UKK                             |
| Flytjandi  | Flokkahópur miðjumanna                 |
| Afgreiðsla | Norræna þekkingar- og menningarnefndin |

## A 2042/UKK Þingmannatillaga um aukið fjölmiðlalæsi meðal ungs fólks á Norðurlöndum

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að móta og innleiða norræna stefnu um fjölmiðlalæsi með sérstakri áherslu á börn og ungt fólk, sem felur í sér aldursmiðaðar aðgerðir í grunn- og framhaldsskólum
- að tryggja að kennsla um hlutverk fjölmiðla, ritstjórnarlega ábyrgð og fjármögnunarlíkön verði felld inn í námskrár skóla til að auka skilning á bæði hefðbundnum og stafrænum miðlum
- að hefja markvissar aðgerðir gegn því að ungt fólk forðist fréttir, til dæmis með kennslufræðilegum verkfærum sem gera fréttaneyslu aðgengilegri og meira í samræmi við áhuga þess og veruleika
- að þróa norrænar leiðbeiningar um hvernig skuli meðhöndla áhættu og tækifæri tengd gervigreind í kennslu um fjölmiðlalæsi, þar á meðal hæfnina til að bera kennsl á falskt efni
- að stuðla að öruggri og lýðræðislegri þátttöku í stafrænu umhverfi með herferðum og fræðslu sem vinnur gegn hótunum og áreitni á samfélagsmiðlum
- að koma á fót norrænu samstarfi um reglubundnar mælingar á fjölmiðlalæsi til að fylgjast með þróuninni yfir tíma og meta áhrif aðgerða

### Bakgrunnur

Fyrsta norræna rannsóknin á fjölmiðlalæsi (Nordic Media Literacy Survey, 2025) sýnir að ungt fólk á Norðurlöndum hefur góða hagnýta færni í stafrænu umhverfi en skortir grunnskilning á starfsemi, fjármögnun og ábyrgð fjölmiðla. Þriðjungur ungs fólks (16–44 ára) á erfitt með að fylgjast með fréttum og fjórðungur barna og ungmenna (9–15 ára) forðast fréttir alfarið. Þetta getur veikt lýðræðislega þátttöku og samfélagslega virkni. Í rannsókninni er einnig vakin athygli á áhyggjum vegna upplýsingaóreiðu, áhrifa gervigreindar á fjölmiðlaefni og skorts á þekkingu á reglum um samfélagsmiðla. Til að takast á við þessar áskoranir þarf samræmdar norrænar aðgerðir sem styrkja



fjölmiðlalæsi ungs fólks, stuðla að gagnrýninni hugsun og auka öryggi í stafrænu umhverfi.

Flokkahópur miðjumanna telur að sterkt fjölmiðlalæsi sé grundvallarforsenda fyrir norrænu lýðræði, þátttöku og öruggri opinberri umræðu. Vaxandi upplýsingaáreiti, skautun og dreifing rangupplýsinga grafa undan samfélagslegu trausti, gildi sem hefur verið sérstaklega sterkt á Norðurlöndum. Fyrir flokkahópin er lykilatriði að börnum og ungu fólki séu gefin verkfæri til að meta á gagnrýninn hátt mismunandi upplýsingaveitur, skilja mikilvægi blaðamennsku og ábyrgrar fjölmiðlunar og taka þátt í stafrænu umhverfi á uppbyggilegan hátt.

Að mati flokkahóps miðjumanna er starfið við að styrkja fjölmiðlalæsi ekki aðeins menntamál, heldur hluti af víðtækari skuldbindingu um að tryggja opna, inngildandi og trausta opinbera umræðu þar sem allir geta tekið þátt án ótta við áreitni eða rangupplýsingar. Þess vegna leggur flokkahópurinn áherslu á að Norðurlönd verði að bregðast við breytingum í fjölmiðlalandslaginu með sameiginlegum og metnaðarfullum langtímaaðgerðum.

**Heimild:** Nordic Media Literacy Survey 2025 (TemaNord 2025:572).

Hróarskeldu, 23. mars 2026

*Jouni Ovaska (cent)*

*Helena Gellerman (L)*

*Lars-Christian Brask, (LA)*

*Halla Hrund Logadóttir (F)*

*Johan Dahl (Sb)*

*Justus Hansen (D)*

*Sandra Listerby (Lib)*

*Catarina Deremar (C)*

*Jonas Andersen Sayed (KrF)*

*Sandra Sigurðardóttir (V)*

*Krista Mikkonen (grænum)*

*Rebecka le Moine (MP)*

*Oda Indgaard (MDG)*

*Louise Elholm (V)*

*Eva Biaudet (sfp)*

*Henrik Rejnholt Andersen (M)*

*Liz Mattsson (ÅC)*

*Kjell-Arne Ottosson, (KD)*

*Anna Falkenberg (Sb)*

*Markku Siponen (cent)*

*Geir Inge Lien (Sp)*